**Þróunarsjóður innflytjendamála**

**Development Fund for Immigration Issues**

**Heiti verkefnis:** #ÉgKýs í sveitarstjórnarkosninum

**Nafn styrkþega:** Landssamband ungmennafélaga

**Útdráttur:** Markmið lýðræðisverkefnisins #ÉgKýs er að efla lýðræðisvitund og hvetja ungt fólk til að kjósa eftir upplýstri ákvörðun. Átakið felst í að gera allt sem ungu fólki dettur í hug sem eykur kosningaþátttöku og lýðræðislega ábyrgð ungs fólks. Haldnir hafa verið ótal viðburðir, sérstök lýðræðisvika skipulögð, netherferð á samfélagsmiðlum farið fram og skuggakosningar haldnar í framhaldsskólum um land allt. Árið 2018 fór herferðin af stað í fyrsta sinn fyrir sveitarstjórnarkosningar. Forsenda verkefnisins er sú að framkvæmdin sé frá upphafi til enda leidd af ungu fólki og mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að kynnast hinu lýðræðislega ferli kosninga með m.a. lýðræðislega skipaðri yfirkjörstjórn. Niðurstöður skuggakosninga voru birtar á egkys.is eftir að kjörstöðum var lokað þann 26.maí og voru þær sýndar í Kosningasjónvarpi RÚV.

Í ljósi þess að innflytjendum fer sífellt fjölgandi og að erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár njóta kosningaréttar var ákveðið að auka áherslu á upplýsingar fyrir innflytjendur. Þrátt fyrir skort á rannsóknum um kosningahegðun innflytjenda hér á landi kemur fram í nýrri skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar að innflytjendur nýta síður kosningarétt sinn í samanburði við aðra hópa. Því var hagnýtum upplýsingum um kosningarnar komið fyrir á bæði ensku og pólsku á egkys.is, sumsé um réttindi til að kjósa, hvar og hvernig er kosið. Þá var einn helsti liður #ÉgKýs netherferðarinnar þetta árið að ná til innflytjenda.

Kosningaþátttaka ungs fólks jókst í öllum aldurshópum í sveitarstjórnarkosningunum 26.maí. Þátttakan var mest hjá aldurshópnum 18-19 ára og jókst úr 51,9% (árið 2014) í 53,7% (árið 2018). Hér er um að ræða sterk vísbending um árangur #ÉgKýs og nú vitum við að þrátt fyrir að kosningaþátttaka sé enn almennt minni hjá yngri aldurshópum er þátttaka ungs fólks þó að aukast.

**Name of the project:** #Ivote in Municipal Elections

**Name of grantee:** The National Youth Council of Iceland

**Project description:** The goal of the democracy project “#IVote” (#ÉgKýs in Icelandic) is to increase democratic consciousness, encourage young people to vote and make an informed decision in the voting booth. The project aims to execute ideas from youth that attempt to increase voter turnout among youth and democratic responsibility. Various events have taken place, special democracy week has been organised, internet campaigns have been enforced and shadow elections in upper secondary schools have been assembled with success on an national

level. In 2018 the campaign was implemented for the first time for municipal election. The project in entirely implemented by youth and the opportunity for young people to get to know the democratic procedure of election in practice is of utmost importance, e.g. with democratically elected electoral board. The turnout of the shadow elections were published on the website "egkys.is" after closing of the polling stations in the general elections 26th of May and were broadcasted on national television.

In light of the fact that immigrants are continually increasing in Iceland and that foreigners that have had domicile in Iceland for five years have voting rights in municipal elections in Iceland, it was decided to emphasise on information for immigrants. Despite lack of research on the voting behavior of immigrants in Iceland, it is stated in a new report from the Nordic Council of Ministers that immigrants are not as likely to vote compared to other groups. Practical information was gathered about the elections and translated to both English and Polish on the website "egkys.is", e.g. about the right to vote as well as where and how to vote. One of the main objectives of the internet campaign this year was to reach out to immigrants.

The voter turnout of youth increased in all age groups in the municipal election 26th of May. The age group of 18-19 years old was the highest and increased from 51,9% (in 2014) to 53,7% (in 2018). The results indicate a strong evidence on the success of #IVote project. Now we know that youth participation in elections is increasing although the youth voter turnout is generally lower compared to other age groups.